



ÍSLENSK VERÐBRÉF

— síðan 1987 —

## Reglur um hvatagreiðslur, gjafir og umbun

### 1. Almenn atriði

#### *Tilgangur*

- 1.1. Reglum þessum er ætlað að tryggja að móttaka og afhending hvatagreiðslna, gjafa og umbunar skaði ekki trúverðugleika Íslenskra verðbréfa hf. („ÍV“ eða „félagið“) eða leiði til hagsmunaárekstra. Reglunum er ætlað að stuðla að því að ákvarðanir starfsfólks félagsins séu teknar á faglegum forsendum og hindra að draga megi óhlutdrægni og trúverðugleika starfsfólks í efa við afgreiðslu mála.

#### *Gildissvið*

- 1.2. Reglurnar taka til hvers konar ávinnings, fjárhagslegs sem ófjárhagslegs, sem ÍV og starfsfólk félagsins kann að fá eða láta í té í tengslum við starf sitt fyrir ÍV, hvort sem er í eigin nafni eða fyrir hönd félagsins. Reglurnar gilda óháð því hvernig hvatagreiðslur, umbun eða gjafir falla í skaut þeirra aðila sem þær taka til, t.d. ef starfsfólki er boðið að taka þátt í happdrætti þar sem yfirgnæfandi líkur eru á vinningum.
- 1.3. Reglurnar eru settar á samstæðugrundvelli og gilda jafnt um ÍV og dótturfélög félagsins.

#### *Grundvöllur*

- 1.4. Reglur þessar eru settar með vísan til laga nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga og reglna sem löggin veita lagagildi eða eru settar á grundvelli þeirra, sbr. einkum reglugerð (ESB) 2017/565 og IV. kafla reglugerðar nr. 976/2021.

#### *Skilgreiningar*

- 1.5. *Hvatagreiðsla*: Þóknunir, umboðslaun eða annar fjárhagslegur eða ófjárhagslegur ávinningur sem þriðji aðili, þ.e. annar en viðskiptavinur eða fulltrúi hans, innir af hendi eða móttækur (eftir því sem við á) í tengslum við veitingu fjárfestingar- eða viðbótarþjónustu til viðskiptavinar. Greiðsla eða ávinningur sem gerir ÍV kleift að veita eða er nauðsynlegur vegna veitingar fjárfestingarþjónustu, svo sem vörslu-, uppgjors- og viðskiptakostnaður, eftirlitsgjöld eða kostnaður vegna lögfræðipjónustu telst ekki vera hvatagreiðsla.
- 1.6. *Umbun*: Hvers konar efnisleg eða óefnisleg gæði, t.d. hádegis- eða kvöldverðarboð, boð á viðburði eða í veiði, ferðalög eða annað sambærilegt.
- 1.7. *Gjöf*: Hvers konar áþreifanlegar gjafir, t.d. jólagjafir og tækifærisgjafir eins og vínflöskur, ostakörfur, flugmiðar og annað sambærilegt.
- 1.8. *Ásattanlegur minniháttar ófjárhagslegur ávinningur*: Hvers konar ávinningur sem fellur undir og fullnægir skilyrðum 28. gr. reglugerðar nr. 976/2021.
- 1.9. *Greiningar*: Greiningarefni og -þjónusta

- a) í tengslum við einn eða fleiri fjármálagerninga eða aðrar eignir, eða útgefendur eða hugsanlega útgefendur fjármálagerninga, eða sem tengist náíð ákveðnum iðnaði eða markaði að því leyti sem það felur í sér álit á fjármálagerningi, eign eða útgefanda í þeim iðnaði eða á þeim markaði, eða
- b) sem leynt eða ljóst mælir með eða leggur til fjárfestingaráætlun og veitir rökstutt álit um núvirði eða framtíðarvirði eða framtíðarverð fjármálagernings eða eignar, eða að öðru leyti felur í sér greiningu eða eigið mat og kemst að niðurstöðu byggðri á nýjum eða eldri upplýsingum sem gætu verið notaðar til að móta fjárfestingaráætlun, og skiptir máli og getur gefið möguleika á að taka betri fjárfestingarákvarðanir fyrir hönd viðskiptavinarins sem greiðir fyrir greiningarnar.

## 2. Hvatagreiðslur

### *Fjárfestingar- og viðbótarþjónusta*

- 2.1. Í tengslum við fjárfestingar- og viðbótarþjónustu skal einungis heimilt að greiða eða þiggja hvatagreiðslur frá þriðja aðila fyrir hönd ÍV ef greiðslan eða ávinningurinn:
  - a) er til þess fallinn að efla gæði viðkomandi þjónustu við viðskiptavininn, á þann hátt sem kveðið er á um í 2. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 976/2021, og
  - b) kemur ekki í veg fyrir að ÍV starfi heiðarlega, af sanngirni og fagmennsku í samræmi við hagsmuni viðskiptavina.
- 2.2. Regluverði skal tilkynnt um móttöku og greiðslu allra hvatagreiðslna samkvæmt grein 2.1. Tilkynning skal innihalda mat á því hvernig skilyrðum greinarinnar sé fullnægt og, ef við á, upplýsingar um þær ráðstafanir sem gripið hefur verið til svo ekki sé dregið úr hlítni við þá skyldu ÍV að starfa heiðarlega, af sanngirni og faglega, þannig að hagsmunum viðskiptavinarins sé þjónað sem best.

### *Sérreglur um eignastýringarþjónustu*

- 2.3. Þegar um er að ræða eignastýringarþjónustu er óheimilt að taka við og halda eftir hvatagreiðslum frá þriðja aðila, nema um sé að ræða:
  - a) minni háttar fjárhagslegan ávinning,
  - b) sem getur eflt gæði þjónustunnar sem ÍV veitir viðskiptavinum<sup>1</sup>, og
  - c) er í þeim mæli og af þeim toga að hann kemur ekki í veg fyrir að félagið uppfylli skyldu sína til að vinna að hagsmunum viðskiptavinarins.
- 2.4. Veita skal viðskiptavini skýrar upplýsingar um greiðslur í samræmi við grein 2.3.
- 2.5. Allar aðrar hvatagreiðslur en þær sem standast kröfur greinar 2.3 sem tekið er við í tengslum við eignastýringu skulu renna að fullu til viðkomandi viðskiptavinar. Óheimilt er að draga hvatagreiðslu sem renna skal til viðskiptavinar frá þóknunum eða kostnaði sem viðskiptavinur skuldar félaginu.
- 2.6. Forstöðumaður viðkomandi sviðs innan félagsins framkvæmir og skráir mat á því hvort fyrirhuguð hvatagreiðsla teljist vera ásættanlegur minniháttar ófjárhagslegur ávinningur og, ef svo er, hvort taka skuli við honum.

---

<sup>1</sup> Sjá 2. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 976/2021 um hugtaksskilyrði þess að *efla gæði viðkomandi þjónustu*.

- 2.7. Regluverði skal tilkynnt um móttöku allra hvatagreiðslna sem tengjast eignastýringarþjónustu. Ef halda á eftir hvatagreiðslu skal tilkynning innihalda mat á því hvernig skilyrðum greinar 2.3 sé fullnægt.

#### *Greiningar*

- 2.8. Ekki skal taka við greiningu í skilningi þessara reglna frá þriðja manni nema:
- a) félagið greiði fyrir hana með eigin fjármunum, eða
  - b) hún teljist ásættanlegur minniháttar ófjárhagslegur ávinningur.
- 2.9. Áður en tekið er við þjónustu, ávinningi eða efni frá þriðja aðila sem kann að fela í sér greiningu skal forstöðumaður viðkomandi sviðs innan félagsins framkvæma og skrá mat á hvort um sé að ræða greiningu í skilningi reglna þessara.
- 2.10. Leiði mat forstöðumanns til þeirrar niðurstöðu að um sé að ræða greiningu skal ákveðið hvort taka skuli við greiningu og greiða fyrir hana.
- 2.11. Ef ekki er vilji fyrir því að greiða fyrir greiningar frá þriðja aðila skal grípa til ráðstafana til að koma í veg fyrir að slíkar greiningar berist félaginu eða nýtist starfsfólki félagsins í þjónustu þeirra við viðskiptavini, s.s. með því að:
- a) koma á sjálfvirkunum lokunum á sendingar frá viðkomandi aðila eða að því er varðar mögulegar greiningar, að því marki sem slíkt er framkvæmanlegt,
  - b) óska eftir því að viðkomandi aðili hætti að afhenda félaginu greiningar,
  - c) óska eftir því við viðkomandi aðila að mögulegar greiningar verði sendar regluvörslu eða annarrar einingar innan félagsins sem metur þá og ákveður hvort unnt sé að taka við efni áður en það berst til þeirra sviða innan félagsins sem það kann að nýtast.
- 2.12. Regluverði skal tilkynnt um móttöku greininga. Slík tilkynning skal m.a. innihalda mat forstöðumanns viðkomandi sviðs, sbr. grein 2.9.

#### *Upplýsingagjöf til viðskiptavinar*

- 2.13. ÍV skal veita viðskiptavininum viðeigandi upplýsingar í tengslum við móttöku eða afhendingu hvatagreiðslna. Veita skal eftirfarandi upplýsingar:
- a) Áður en þjónusta er veitt skal veita upplýsingar um tilvist, eðli og fjárhæð viðkomandi greiðslu eða ávinnings. Ef ekki er unnt að tilgreina fjárhæðina með vissu verður að upplýsa hvaða aðferð er notuð til útreiknings á henni. Heimilt er að lýsa minniháttar ófjárhagslegum ávinningi á almennan hátt. Þegar við á skal einnig upplýsa um hvernig viðkomandi hvatagreiðslum er komið til viðskiptavina.
  - b) Upplýsingar um nákvæma fjárhæð greiðslunnar eða ávinningsins sem ÍV tekur við eða innir af hendi, þegar hún liggur fyrir, í þeim tilvikum sem ÍV var ókleift að ákvarða fjárhæðina fyrir fram.
  - c) Árlegar upplýsingar um raunverulega fjárhæð greiðslna þegar ÍV tekur við viðvarandi hvata í tengslum við þjónustu.
- 2.14. Viðskiptavinur skal upplýstur um allar hvatagreiðslur sem renna til hans í samræmi við 2.5 með reglulegum yfirlitum.
- 2.15. Við upplýsingagjöf til viðskiptavinar skal taka tillit til viðeigandi reglna um kostnað og gjöld, sbr. t.d. 3. tölul. 2. mgr. 34. gr. laga um markaði fyrir fjármálagæringa og 50. gr. reglugerðar (ESB) 2017/565.

### 3. Gjafir eða umbun frá viðskiptavinum

- 3.1. Starfsfólki ÍV er óheimilt að þiggja gjafir eða umbun, óháð fjárhæð, frá viðskiptavinum eða væntanlegum viðskiptavinum ÍV í því skyni að haga viðskiptum á tiltekinn kostnað ÍV eða annarra viðskiptavina félagsins.
- 3.2. Starfsfólk skal leita heimildar forstjóra fyrir viðtöku gjafa úr hendi viðskiptavina eða væntanlegra viðskiptavina að verðmæti 50.000 kr. eða meira.
- 3.3. Eingöngu skal veita viðtöku verðmætrar gjafar frá viðskiptavinum ef það samræmist hagsmunum ÍV, s.s. vegna viðskiptasambands. Viðtaka slíkrar gjafar skal ekki stuðla að hagsmunaárekstrum í rekstri ÍV eða rýra trúverðugleika félagsins.
- 3.4. Eingöngu skal þiggja boðsferðir ef þær þjóna bersýnilega hagsmunum ÍV.
- 3.5. Regluverði skal tilkynnt um viðtöku gjafa, umbunar og boðsferða í tengslum við störf fyrir ÍV að verðmæti 50.000 kr. eða meira.

### 4. Veiting gjafa eða umbunar til viðskiptavina í nafni ÍV

- 4.1. Gjafir eða umbun skal aðeins veita viðskiptavinum þegar það er talið nauðsynlegt til að viðhalda eða koma á mikilvægu viðskiptasambandi. Verðmæti gjafar eða umbunar skal vera hóflegt og í samræmi við tilfellið.
- 4.2. Risna skal ávallt vera byggð á viðskiptalegum forsendum og vera í eðlilegu samhengi við tilefnið hverju sinni. Fari kostnaður úr hófi getur næsti yfirmaður eða forstjóri ákveðið að kostnaðurinn verði dreginn frá launum viðkomandi starfsfólks eða hafnað beiðni um endurgreiðslu útlagðs kostnaðar að hluta eða öllu leyti. Það sama á við ef risnan er ekki byggð á viðskiptalegum forsendum, óháð fjárhæðar hennar.
- 4.3. Ef gjöf er líkleg til að stuðla að hagsmunaárekstrum í starfsemi ÍV eða hafa áhrif á trúverðugleika þess skal hún ekki veitt.
- 4.4. Regluverði skal tilkynnt um gjafir eða umbun sem viðskiptavinum er veitt sem nema hærri fjárhæð en kr. 20.000.

### 5. Skrá regluvarðar

- 5.1. Regluvörður skal geyma gögn og halda skrá yfir tilkynningar sem berast á grundvelli reglna þessara, m.a. til að sýna fram á að allar hvatagreiðslur sem ÍV lætur í té eða móttækur hafi þann tilgang að bæta viðkomandi þjónustu. Regluvörður skal a.m.k. skrá:
  - a) allar hvatagreiðslur sem ÍV fær frá þriðja aðila,
  - b) hvernig hvatagreiðslur sem ÍV lætur í té eða fær, eða sem félagið hyggst nota, bætir þjónustuna sem veitt er viðkomandi viðskiptavinum og
  - c) hvaða ráðstafanir eru gerðar til að draga ekki úr hlítni við þá skyldu félagsins að starfa heiðarlega, af sanngirni og faglega þannig að hagsmunum viðskiptavinarins sé þjónað sem best.

### 6. Viðurlög

- 6.1. Brot á reglum þessum getur varðað áminningu eða eftir atvikum brottrekstri úr starfi.

---

## 7. Eftirlit og fræðsla

- 7.1. Regluvörður skal hafa eftirlit með því að reglum þessum sé framfylgt og tryggja að til staðar séu viðeigandi stefnur, verklagsreglur eða ferlar sem stuðla að hlítinu við reglur þessar.
- 7.2. Regluvörður tryggir að starfsfólk sé upplýst um efni þessara reglna.
- 7.3. Komi upp vafi um túlkun á efni og framkvæmd þeirra skal hafa samband við regluvörð.

## 8. Gildistaka

- 8.1. Breytingar á þessum reglum verða aðeins gerðar skriflega og taka gildi þegar stjórn félagsins hefur samþykkt þær.

Samþykkt af stjórn Íslenskra verðbréfa hf., 27. mars 2024